



EFNÍ BLAÐSINS



Fjölmiðlar og fjarskipti

- 4 Friðrik Þór Guðmundsson:
Málþing Fjölmiðlamiðstöðvar Reykjavíkurakademíunnar:
Þróun og áhrif fjölmiðlasamsteypna
- 7 Elfa Ýr Gylfadóttir:
Stafrænt sjónvarp á Íslandi
- 10 Guðmundur Heiðar Frímansson:
Nokkur atriði um tjáningarfrelsið
– flutt í Reykjavíkurakademíunni
20. nóv. 2004

Kjaramál

- 14 Róbert Marshall:
Samningar framlengdir
– samið næsta haust

Pressuverðlaun

- 15 Pressuverðlaun
- 16 Reglur um Pressupennann

Pressuball

- 18 Elín Pálmadóttir:
Pressuböll

Útgefandi: Blaðamannfélag Íslands

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:
Birgir Guðmundsson (biggi@nett.is).

Útlitshönnun: Ásprent Stíll

Prentun: Ásprent Stíll

Forsíðumynd: Bjarnleifur

Skrifstofa Blaðamannafélagsins

er í Síðumúla 23, 108 Reykjavík. Sími 553-9155,
bréfsími 553-9177 og
nefang bi@press.is
Heimasíða BÍ er www.press.is

Skrifstofan er opin alla virka daga frá kl. 11.00–15.00.
Starfsmenn BÍ í hlutastarfi eru Hjálmar Jónsson,
framkvæmdastjóri og Svanhildur Karlsdóttir, bókari.



Forsíðumyndin

Frá Pressuballi í Lídó 1966. Leikkonan Helle Virkner Krag er þarna að draga vinningsnúmer í happdrætti kvöldsins. Með henni eru Atli Steinarsson blaðamaður og Sigurður Bjarnason ritstjóri og þáverandi formaður BÍ.

Ný tækni, ný viðhorf, ný orð

Miklar breytingar eru nú að verða á íslenskum fjölmiðlamarkaði og varða þessar breytingar allt í senn rekstrarlegt umhverfi, tæknilega möguleika og samfélagslega stöðu fjölmiðla og blaðamanna. Innleiðing hinnar stafrænu tækni á ljósvakann er kjarninn í þessum breytingum og er fyrirsjáanlegt að hér á landi eins og svo víða annars staðar muni eiga sér stað ákveðin eðlisbreyting á fjölmiðlakerfinu í heild.

Samruni fjarskiptafyrirtækjanna og fjölmiðlanna er sá farvegur sem hin nýja tækni hefur fundið sér og er ljóst að þróunin á því sviði er afskaplega hröð. Stofnun eða umbreyting Fréttar og Íslenska útvarpsfélagsins yfir í fyrirtækið 365 prentmiðlar og ljósvakamiðlar er til marks um þá miklu ferð sem þessi mál eru komin á. Þarna er um að ræða áberandi samruna prentmiðla, ljósvakamiðla, og fjarskiptafyrirtækis, – samruna þar sem verið er að taka næstu skref í framhaldi af þeirri eignasambjöppun sem áður hafði verið orðin opinber. Samstarf og samvinna Og Vodafone og fjölmiðla 365 á enn eftir að mótast og eflaust mun það taka einhverjar vikur eða mánuði að ná fram þeirri samlegð og þeirri hagkvæmni sem sóst er eftir. En einmitt sú þróun mun jafnframt hafa mikil áhrif á starfshætti og áherslur hjá blaðamönnum og þar af leiðandi á íslenska blaðamennsku.

Svipaða sögu er eflaust að segja á hinum vængnum, hjá þeim fjölmiðlum sem tengjast eða munu tengjast Símanum. Þó margt sé enn á huldu með framtíð Símans og það einkavæðingarferli sem boðað hefur verið, virðist stefna í að hér risi upp tveir nýir risar á fjölmiðla- og fjarskiptamarkaði sem munu hafa afgerandi áhrif á hinni stafrænu fjölmiðlaöld. Því skapast ný viðhorf og ný sjónarmið varðandi stöðu og hlutverk blaða- og fréttamanna sjálfra og nauðsynlegt að þeir ræði þau mál ítarlega í sínum hópi á faglegum grundvelli. Hér aftar í blaðinu er gerð grein fyrir umræðu sem fram fór um þessi atriði á málþingi á vegum Reykjavíkurakademiunnar fyrir skömmu. Þar er hreyft mikilvægum málum og kastað upp bolta sem mikilvægt er að blaða- og fréttamenn grípi á lofti, en láti ekki öðrum alfarið eftir að ræða.

En það er ekki nóg með að fjölmiðlaheimurinn standi nú frammi fyrir nýrri tækni og nýjum viðhorfum. Þessari þróun hafa fylgt ný orð og ný hugtök sem virðast vera að festa sig í sessi sem eins konar tiskuorð, að því er virðist án þess að nokkur hafi í raun velt því fyrir sér hvort viðkomandi orð eða hugtök séu góð eða vond. Það á t.d. við um hugtakið „efnisveita“ sem farið er að nota yfir fjölmiðla eða framleiðendur fjölmiðlaefnis sem fjarskiptafyrirtækin hafa tryggt sér. „Efnisveiturnar“ eru í þessu samhengi þeir aðilar sem útvega fjarskiptafyrirtækjum efni til að flytja um dreifikerfi sín og bjóða neytendum. Hér er um málfræðilega hugsunarvillu að ræða, þar sem ruglað er saman nafnorðinu „veita“ og sagnorðinu „að veita“. Nafnorðið „veita“ merkir samkvæmt orðabók „kerfi til að veita rafmagn, vatni e.þ.h. um tiltekið svæði“. Þaðan eru komin orðin rafmagnsveita, áveita o.s.f.r. „Efnisveita“ er því í raun kerfi til að veita (fjölmiðla)efni um tiltekið svæði – „efnisveitan“ er sem sé dreifingarfyrtækið eða fjarskiptafyrirtækið sjálf, en ekki framleiðslufyrirtækið eða fjölmiðillinn. Nær væri þá og meira í samræmi við íslenska málhæð – ef menn vilja endilega nota nýyrði í þessu samhengi – að nota einfaldlega orðið „efnisver“ um þann hluta samruninn fyrirtækja sem sjá fjarskiptafyrirtækjunum fyrir efni. Það er sambærileg tenging og milli orðanna orkuveitu og orkuvers, rafmangnsveitu og raforkuvers.

Það er þörf á skýrri og gegnsæri hugsun í þessari mikilvægu umræðu, sérstaklega auðvitað þegar kemur að skilningi á möguleikum hinnar nýju tækni og þeim breyttu viðhorfum sem hljóta að koma upp samfara henni. En það er líka mikilvægt að menn velti fyrir sér orðanotkun og tungutaki umræðunnar, enda er það forsenda þess að hún hitti í mark með skýrum og gegnsægjum hætti.

Birgir Guðmundsson.

Stjórn BÍ:

Róbert Marshall, Stöð 2, formaður
Arna Schram, blaðamaður Mbl., varaformaður
Jóhann Hliðar Harðarson, fréttam. Stöð 2/Bylgjan, ritari
Arndís Þorgeirsdóttir, blaðamaður DV, gjaldkeri
Björgvin Guðmundsson, blaðamaður Mbl.
Hilmar Þór Guðmundsson, ljósmyndari DV
Hafliði Helgason, blaðamaður Fréttablaðinu

Varamenn:

Eiríkur St. Eiríksson, blaðamaður Skip.is
Helga Dögg Björgvinsdóttir blaðamaður
Svanborg Sigmarsdóttir, blaðamaður Fréttablaðinu

Samningaráð:

Róbert Marshall, Stöð 2.
Arna Schram, Mbl.
Hjálmar Jónsson, Mbl.
Arndís Þorgeirsdóttir, DV.
Jóhann Hliðar Harðarson, Stöð 2.
Kristján Hjálmarsson, Fréttablaðinu.
Guðmundur Sv. Hermannsson, Mbl.

Varamenn:

Egill Ólafsson, Mbl.
Fríða Björnsdóttir.
Þorvaldur Ö. Kristmundsson, DV.

Orlofs- og menningarsjóður:

Fríða Björnsdóttir, form., Fróða
Hilmar Karlsson, varaform., DV
Lúðvík Geirsson, ritari

Varamaður:

Guðmundur Sv. Hermannsson, Mbl.

Endurskoðendur:

Sigtryggur Sigtryggsson, Mbl.
Sigurður Hreiðar Hreiðarsson

Varamaður:

Guðmundur Sv. Hermannsson, Mbl.

Stjórn og fulltrúaráð Fjólís:

Hjálmar Jónsson
Arndís Þorgeirsdóttir

Trúnaðarmenn á helstu vinnustöðum

Morgunblaðið:

Anna G. Ólafsdóttir, Guðni Einarsson
og Hjálmar Jónsson

Dagblaðið/Vísir:

Arndís Þorgeirsdóttir

Stöð 2/Bylgjan:

Hrafnhildur Harðardóttir og Jóhann Hliðar Harðarson

Fréttablaðið:

Kristján Hjálmarsson

Fróði:

Fríða Björnsdóttir

Heimur:

Anna Margrét Björnsson

Viðskiptablaðið:

Sigurður Már Jónsson

Siðanefnd:

Kristinn Hallgrímsson lög., form.
Hjörtur Gíslason blaðam., varaform.
Sigurveig Jónsdóttir, fyrrum fréttastjóri
Stefán P. Eggertsson, fulltrúi útgefenda
Hreinn Pálsson, fulltrúi Siðfræðistofnunar HÍ

Varamenn eru:

Valgerður Jóhannsdóttir, fréttamaður
Jóhannes Tómasson blaðamaður
Þór Jónsson, blaðamaður

Málþing Fjölmíðlamiðstöðvar Reykjavíkurakademíunnar:

Þróun og áhrif fjölmíðlasamsteypna

Fjölmíðlamiðstöð Reykjavíkurakademíunnar hélt á dögum málþing um fjarskipta- og fjölmíðlasamsteypur, í tilefni af samruna annars vegar Símans og Skjás Eins og hins vegar Og Vodafone og Norðurljósa, þannig að tvær öflugar eignablokkir hafi myndast um fjarskipti og fjölmíðlun á Íslandi, e.t.v. með RÚV sem þriðju blokkina. Á málþinginu var fjallað um þessa eignarhaldspróun og áhrif hennar á tjáningarfrelsið og ekki síst á stöðu RÚV í því samhengi.

Þrjú framsögumenn héldu erindi á málþinginu, Elfa Ýr Gylfadóttir fjarskipta- og margmiðlunarfræðingur, Guðmundur Heiðar Frimannsson heimspekingur og Þorbjörn Broddason félags- og fjölmíðlafræðingur. Eftir framsögur bættust við á pallborðið þeir Birgir Guðmundsson og Logi Bergmann Eirsson, en fundarstjóri var Friðrik Þór Guðmundsson. Erindi Elfu Ýrar og Guðmundar Heiðars birtast í Bládamanninum í heild sinni og verður hér aðeins tæpt á nokkrum fróðlegum punktum úr þeim erindum, en Þorbjörn flutti ekki skrifaða ræðu og því staldrað ögn lengur við hans málfutning.

Eignarhald og tjáningarfrelsi

Elfa Ýr sagði svo geta farið að við þurfum að velja á milli hvora fyrirtækjablokkina við eigum viðskipti við. Það fyrirtæki sem getur boðið mesta og besta efnið nær flestum áskrifendum og hefur þess vegna efni á að kaupa áfram besta efnið til að ná til enn fleiri áhorfenda. Sambjoppun og einokun er ríkjandi tilhneiging hjá ljósvakafyrirtækjum í dag og mun

verða enn meiri með stafrænni tækniþróun. Íslenskir áhorfendur eru að greiða mun hærra verð fyrir minna sjónvarpsefni en íbúar nágrennaríkja okkar.

Eignarhald á fjölmíðlum skiptir einnig máli á fjölmíðlamarkaði, sérstaklega eignarhald á stafrænum ljósvakamiðlum. Í Bandaríkjunum hefur þróunin verið sú að skil milli fréttu, fréttaskýringa og afþreyingar eru að minnka.

Elfa Ýr telur ljóst að RÚV geti ekki keppt á þessum markaði við núverandi aðstæður. Því þurfi að endurskoða hlutverk stofnunarinnar, en um leið ljóst að RÚV verður í raun enn mikilvægari sem hlutlaus og óháð sjónvarpsstöð í breyttu umhverfi.

Guðmundur Heiðar fjallaði um tjáningarfrelsið í ljósi fjölmíðlaþróunarinnar og staldraði einkum við þrjár spurningar. Í fyrsta lagi um vald fjölmíðla og styrk, í öðru lagi um innihald og í þriðja lagi um eignarhald. Hann svarar spurningunum svo:

1. Við vitum ekki hver áhrif fjölmíðla eru á skoðanir og skoðanamyndun fólks en við óttumst að þau séu meiri en virðist. Vald fjölmíðla virðist oft mikið vegna þess að þeir veita valdsmönnum aðhald og þeir geta valdið valdsmönnum verulegum vandræðum með fréttaflutningi, jafnvel stuðlað að því að þeir hverfi frá völdum. Fyrirtæki eru miklu öflugri en ein manneskja og geta auðveldlega þaggað niður í skoðunum eins einstaklings og telur Guðmundur að lög-gjafinn eigi að jafna þennan ójöfnuð milli einstaklinga og fyrirtækja.
2. Allir telja æskilegt að efnisframboð fjölmíðla sé sem fjölbreyttast. En fyrir-

tæki í nútíma umhverfi eru rekin til að hagnast á þeim. Ef þau hagnast ekki hætta þau starfsemi. Allt sem þau gera verður að lúta þessu markmiði. Þess vegna leitast þeir við að framleiða efni sem er ódyrt en vinsælt. Það leiðir til einhæfs framboðs á efni.

3. Allir telja að æskilegt sé að eignarhald sé dreift á fjölmíðlum og óviðunandi sé að einn einstaklingur eða eitt fyrirtæki eigi alla fjölmíðla í einu þjóðfélagi.

Guðmundur Heiðar segir blaðamenn á ýmsan hátt í annarri stöðu gagnvart tjáningarfrelsinu en almenningur. Þeir hafa bæði ríkari ábyrgð og ríkari skyldur. Öflug fjölmíðlafyrirtæki gegni mikilvægu hlutverki í lýðræði samtímans en við vitum ekki mikið um samband fjölmíðla og skoðanamyndunar einstaklinga. Tjáningarfrelsið geri þá kröfu að menn leitist við að fara með rétt mál. En fjölmíðlar eru fyrirtæki og það er eðlilegt að samfélagið setji þeim reglur í ljósi hlutverks þeirra og mikilvægis.

Upplýsingaflóðið verður ekki hamið

Þorbjörn Broddason rifjaði upp 10. grein Mannréttindasáttmála Evrópu (MSE), þar sem tjáningarfrelsið sé mjög skilmerkilega útlístað og lögð mikil áhersla á mikilvægi þess, en jafnframt lögð áhersla á réttinn til að njóta upplýsinga. Og það sé í anda lýðræðisins. Það sé í sjálfu sér hægt að imynda sér tjáningarfrelsi án lýðræðis, en það sé engin leið til þess að hugsa sér lýðræði án tjáningarfrelsis. Sumir telji þetta ákvæði MSE ákaflega



Þorbjörn Broddason í ræðustöli á málþinginu. Hinir frummælendurnir eru í bakgrunni.

ófullnægjandi og að það geti snúist upp í andhverfu sína. Sumir hafa þannig haldið því fram að prentfrelsið hafi gengið að tjáningarfrelsinu dauðu. Þorbjörn telur að 10. grein MSE sé að nokkru leyti tilraun til að koma til móts við þann vanda, að prentfrelsið veitir okkur í raun enga vernd eða skjól, nema því aðeins að við höfum fyrir bæði völd og fjármuni. Í MSE sé beinlínis gerð tilraun til þess að þrengja hag manna til að neyta þessa frelsis, einmitt til að tryggja að allur þorri almennings hafi þennan rétt. Þannig sé tjáningarfrelsinu að vissu leyti fórnað – til að varðveita það.

Þorbjörn kvaðst mjög hugsí yfir „miðlun“ sem honum hafði borist fyrr um daginn frá kunningja sem er mjög vakandi yfir heimsmálunum og sendir gjarnan skeyti (email) með tíðindum utan úr heimi. Skeytið kom upprunalega frá öðrum aðila og byrj-

aði með orðunum „Dýrð sé Guði hinum miskunnsama“ og síðan hófst langur listi yfir ágæti Allah og baráttunnar í Írak gegn hinum illu innrásaröflum og svo langur listi yfir það hvernig þeir ætluðu að fara að því að taka til hendinni í borgum Íraks við að ryðja innrásaröflunum út úr landinu. Síðan lauk þessum orðum með löngum dýrðaróði til frelsisins og mannsins sem storkar örlögunum í nafni lýðræðisins og frelsisins; Saddam Hussein. Hvernig stendur á því að mér barst þetta? Þorbjörn sagði þetta til áminningar um það, að hvernig sem fer með þessar fjölmiðlasamsteypur á Íslandi þá munum við að öllum líkindum halda áfram að fá upplýsingar, að því tilskildu að þessar veitur haldist opnar – og þá munum við nota og njóta miklu tvístraðri upplýsinga, nú þegar og í framtíðinni, heldur en nokkru sinni áður.

Þorbjörn sagði að áhyggjur af fjölmiðlum Íslenskra samsteypna væru minni fyrir vikið. Þessum samsteypum muni ekki takast að hemja og ekki einu sinni afmarka umræðuna að neinu verulegu leyti.

Þorbjörn: Einn mun gleypa hinn
Þorbjörn telur að ekki verði lengi við lýði þrjár megin samsteypur. Það hafi sýnt sig hin fyrri skipti að Stöð 2, svo fátæk og vesöl sem hún hefur verið, hefur tekist að gleypa fyrri stöðvar. Mat Þorbjörns er, og hefur verið í 30 ár, að það sé ekki pláss fyrir nema eina fullorðna sjónvarpsstöð á Íslandi. Til annars skorti mannskap og fjármagn. Því var hann mjög tortrygginn á að það myndi takast að setja af stað Stöð 2 árið 1986 og það enda tapfyrirtæki nánast alla tíð. Og þetta sé oft afar ómerkileg dagskrá, ekki bara á Stöð 2 heldur líka RÚV.

Þær hafa hangið á góðvilja lánardrottna áratugum saman við það að dæla yfir okkur útlendu sjónvarps-efni.

Mat Þorbjörns er að með miklum velvilja þjóðarinnar sé kannski hægt að halda uppi einni nothæfri íslenski sjónvarpsstöð. Á endanum muni einn aðillinn gleypa hinn.

Þorbjörn telur að hægt sé að efla lýðræðislega stöðu RÚV með því að gera útvarpsráð sjálfstæðara; með því að fjölga ráðsmönnum og kjósa í það til 6-8 ára, en skipta út þriðjungi eða fjórðungi ráðsmanna á tveggja ára fresti. Þetta myndi gjörbreyta til hins betra sjálfstæði þessarar stöðvar, sem nú þegar er miklu sjálfstæðari en hún var lengst af. Allt tal um að RÚV sé fyrir bestu að takmarka vald stjórnmalamanna sé þversögn, því ef við búum í lýðræðislandi eigum við ekki að hafa áhyggjur af því þótt lýðræðislega kjörnir fulltrúar séu að taka til hendinni í útvarpsráði um hlutina á þessum vettvangi. En þeir eiga bara að átta sig á því hvenær þeir eiga að sleppa hendinni. Það var sagt um breska ríkisútvarpið að útvarpsráð þess hafi verið þeim sérstöku eiginleikum gætt að um leið og menn settust þar inn var hollustan við stofnunina efst á blaði og menn búnir að gleyma því að þeir væru kjörnir af einhverjum öflum. Þetta telur Þorbjörn að sé líka hægt að koma til leiðar í íslenska ríkisútvarpinu.

Þorbjörn sagði líklegt að eigendur fjölmiðla noti fjölmiðil sinn, en vildi ekki kalla það misnotkun. Ef Bónusfeðgar eiga sjónvarpsstöð eða fréttablað þá nota þeir það í eigin þágu. Það eru skynsemisástæður fyrir því að þeir gera það ekki á áberandi hátt, en við hljótum að reikna með því að þeir geri það. Eins

og að þegar þjóðin á ríkisútvarp þá notar hún það í eigin þágu og kallast ekki misnotkun.

Verða íslenskir áhorfendur settir í nokkurs konar stofufangelsi, spurði Þorbjörn, með því að verða að velja á milli áskriftar hjá annaðhvort Alfreð Þorsteinssyni eða Rannveigu Rist? Skýrsluhöfundar hjá ESB bentu fyrir tveimur árum á að setji megi þá kvöð í lög að tæknin sem sett er í hendurnar á mönnum flytji líka efni hinna. Þá dettur niður þörf hins löðrétta eignarhalds fyrir því að eiga allt. Þorbjörn telur að ef svo ótrúlega skyldi fara að það verði hér áfram þrjú stórveldi, RÚV, Orkuveitan og Landsíminn, þá eigi að vera hægt að búa svo um hnútana að hver aðili verði knúinn til að flytja efni hinna.

Munu fréttir hörfa gagnvart afþreyingunni?

Fjörugar umræður fóru fram að loknum framsöguerindum og verður hér aðeins tæpt á því allra helsta. Logi Bergmann Eiðsson sagði að hjá RÚV sé nánast ekkert gert sem einhverjir aðrir gætu ekki verið að gera. Mörður Árnason kom inn á hlutverk útvarpsráðs og sagði afskipti þess hafa minnkað töluvert en hin pólitíska pressa kæmi fyrst og fremst frá útvarpsstjóra og framkvæmdastjóra útvarpsins, sem séu fulltrúar framkvæmdavaldsins. Logi bætti við þetta að útvarpsráðsmenn hafi í grundvallaratriðum ekkert vit á dagskrá og eigi ekki að vera að skipta sér af slíku. Útvarpsráð njóti mjög lítillar virðingar meðal starfsfólks RÚV og það er vegna þess að þar eru menn ekki í stjórn fyrirtækis heldur fulltrúar flokka sinna.

Þorbjörn sagði að þetta þyrfti ekki að vera svona slæmt sem Logi lýsti. Ef menn eru kosnir til lengri

tíma og ekki skipt út öllum mannskapnum í einu þá breytist staðan til batnaðar.

Fríðrik Þór rifjaði upp áskorun fréttamannsins gamla Andy Rooney til stjórnarformanns fjölmiðlasamsteypunnar sem hann vannur hjá, um að aðalfréttatími sjónvarpsstöðvarinnar verði klukkutími en ekki bara 20 mínútur. Fríðrik spurði hvort ástæða væri til að ætla að fréttir og alvarleg þjóðfélagsumræða færu halloka á Íslandi á næstu árum. Logi taldi svo ekki vera á meðan áhorf á fréttir RÚV, sjónvarp, mældist með yfir 45% dag eftir dag og ár eftir ár. Nú sé þvert á móti viljinn meiri til að auka t.d. fréttaskýringar frekar en að auka skemmtiefni. Hann telji sama gilda um Stöð 2 hvað öflugan fréttapakka varðar. Birgir sagði hins vegar ástæðu til að hafa áhyggjur af þeirri þróun sem fram kæmi í orðum Rooney's. Það gerist líklega ekkert í þessa veruna á næstu 10-15 árum hér á landi, en margir „meðvitaðir Amerikanar“ hafi verulegar áhyggjur af því hvað fréttirnar þar séu orðnar útpynntar, að ekki sé verið að segja neitt nema „soft news“ meira og minna. Sögur af ketti upp í tré og slíkt. Þetta sé ekki aðkallandi vandamál hér á landi sem stendur, en inn í þennan veruleika gætum við verið að sigla. Elfa Ýr tók undir með Birgi. Núna sé farið að nota auglýsingar samhliða því að dagskrá væri send út. Fréttir renni saman við auglýsingar og afþreyingarefni. Heyra megi þessa þróun í orðræðu þeirra sem stjórna t.d. Símanum – þar sé lítið á þetta sem spennandi hlut.

Fjölmiðlamiðstöð Reykjavíkuraðemiunnar fyrirhugar reglulega fundi og rannsóknir um fjölmiðla og fjölmiðlun á næstu misserum.

Samantekt:

Fríðrik Þór Guðmundsson



Stafrænt sjónvarp á Íslandi



Eftir
Elfu Ýr Gylfadóttur

Undanfarna mánuði hafa sjónvarpsmál verið í brennidepli á Íslandi, fyrst í tengslum við fjölmiðlafrumvarpið, síðan vegna innreiðar Símans á sjónvarpsmarkaðinn, og nú vegna kaupa Og Vodafone á Norðurljósum.

Hér á eftir verður fjallað um sjónvarpsefnið sem okkur neytendum er boðið upp á, hvort við séum að greiða allt of hátt verð, hvaða áhrif þetta getur haft á lýðræðislega umræðu, og hvort svo geti farið að við þurfum að velja hvort fyrirtækið, Símann eða Og Vodafone, við eigum viðskipti við, og þannig hvaða efni við horfum á. En fyrst verður fjallað aðeins um þær breytingar sem verða á sjónvarpsmarkaði með stafrænni tækni.

Stafrænt sjónvarp og margmiðlun Mikilvægasti kostur stafrænnar sjónvarpstækni er hagkvæmni. Hægt er að allt að tífalda magn sjónvarpsefnis miðað við eldri fjarskiptaleiðir sem þýðir hlutfallslega lægra verð fyrir hverja sjónvarpsrás. Brátt mun þjónustan við notendur aukast þegar gagnvirk sjónvarp, tölva, Internet og sími renna enn frekar saman. Auk gríðarlegs framboðs afþreyingarefnis er gert ráð fyrir að verslun, þjónusta og nám færast meira inn í þennan

sýndarheim. Miklir viðskiptahagsmunir takast nú á í samfélaginu við upphaf stafræns sjónvarps hér á landi og á ljósvakamarkaðnum eru að myndast tvö stórfyrirtæki.

Ísland fylgir á eftir

Í flestum nágrannalöndunum hefur gervihnattasjónvarp hafið innreið stafræns sjónvarps með meira úrval sjónvarpsstöðva, bíórása og allskyns þjónustu fyrir áhorfendur. Gervihnettir eru of dýr tækni fyrir fámennt samfélag, því er slík þjónusta ekki í boði hér. Norðurljós bjóða upp á sýnishorn af framtíðinni með því að nýta ameríska sjónvarpstækni á örbylgju. Aðeins er þó tjaldað til nokkurra ára þar sem tíðnisviðið fyrir „Digital Ísland“ er ætlað þriðju kynslóð farsíma í náinni framtíð. Hér hefur verið rætt um að framtíðardreifikerfin séu í jörðinni og því er svo mikilvægt fyrir fjarskiptafyrirtækin að bjóða sjónvarpsefni.

Í sjónvarpsrekstri skiptir magnið máli. Það fyrirtæki sem getur boðið mesta og besta efnið nær flestum áskrifendum og hefur þess vegna efni á að kaupa áfram besta efnið til að ná til enn fleiri áhorfenda. Samþjöppun og einokun er ríkjandi tilhneiging hjá ljósvakafyrirtækjum í dag og mun verða enn meiri með stafrænni tækniþróun.

Fjarskipta- og fjölmiðlaþjónusta verður boðin saman

Nú er tilhneiging hjá fyrirtækjum með sterka markaðsstöðu á einu sviði að nýta stöðu sína og bjóða annarskonar þjónustu. Bankarnir bjóða bankþjónustu, húsnæðislán og tryggingar. Á sama hátt mun Norðurljós í samvinnu við Og Vodafone geta boðið heildar-

þjónustu. Þar geta heimili fengið stafrænar sjónvarpsrásir, heimasíma, Internet tengingu, farsíma og hverja aðra þjónustu sem þróuð verður í framtíðinni, svo sem heimaverslun og rafræna myndbandaleigu.

Og Vodafone er með aðgang að ljósleiðaraneti Orkuveitunnar sem getur sökum sterkrar stöðu sinnar fjárfest í frekari ljósleiðarauppbyggingu.

Norðurljós hefur sterka stöðu sem stærsta efnisveitan og marga áskrifendur og er freistandi fyrir heimili að kaupa heildarþjónustu með góðum afsláttarkjörum frá einum þjónustuaðila.

Síminn stendur frammi fyrir því að geta tapað stórum hluta, e.t.v. tugum prósentu heimila í viðskiptum til keppinautanna, ef ekki er brugðist hart við. Þetta þýðir að fyrirtækið sem nú á að fara að einkavæða getur rýrnað verulega í verði. Þess vegna má líta á fjárfestingu Símans í enska boltanum og Skjá Einum sem varnaaðaraðgerð til að bregðast við breyttu samkeppnisumhverfi. Fjármunirnir eru hverfandi í samanburði við hagsmunina sem í húfi eru.

Líklegt er að Síminn þurfi að bregðast við með því að endurstofna Skjá Tvo og jafnvel Skjá Þrjá fyrir íþróttir og kvikmyndir í áskrift. Fyrirtækið mun geta boðið rafræna myndbandaleigu og tugi erlendra áskrifarstöðva. Síminn hefur líklega lært það af reynslu sinni af Breiðvarpinu að byggja ekki fjarskiptakerfi fyrir milljarða án þess að tryggja gott sjónvarpsefni og þar með áskrifendur.

Þetta getur hins vegar haft mikla hættu í för með sér. Ef ekki er unnið gegn þróuninni gætu landsmenn staðið frammi fyrir því að þurfa að velja milli tveggja fyrirtækja sem bjóða

ólíkt efni. Þar sem heimilum verða boðin fjarskiptabjónusta með sjónvarpsefninu verða heimili tregari til að skipta um þjónustuaðila. Íslensk heimili gætu þannig þurft að velja hvort þau horfa á Stöð 2 eða Skjá Einn.

Samkeppni

Almennt er talið að samkeppni stuðli að verðlækkun á markaði þar sem tveir eða fleiri aðilar eru að keppa sín á milli. Þróunin á fjölmiðlamarkaðnum virðist hinsvegar vera sú hér á landi að Íslendingar munu greiða mun hærra verð fyrir sjónvarpsefni en í nágrannalöndunum. Það eru ýmsar ástæður fyrir því og er ætlunin að rekja þær í stuttu máli.

Hærra verð og færri stöðvar

Nú þegar eru íslenskir áhorfendur að greiða mun hærra verð fyrir minna sjónvarpsefni en íbúar nágrannaríkja okkar.

Dæmi má nefna að áskrift að á annað hundrað sjónvarpsstöðvum þar sem sýndar eru kvikmyndir, íþróttir, skemmtiefni, barnaefni og fleira kostar £41 hjá Sky í Bretlandi.

Canal Digital í Noregi býður nokkra tugi innlendra og erlendra stöðva með fjölbreyttu úrvali fyrir 399 NOK. Bæði þessi fyrirtæki bjóða áskrifendum stafræna þjónustu í gegnum gervihnött.

Á Íslandi erum við hinsvegar að sjá nokkuð hærra verð á hliðrænu dreifikerfi. Stöð 2, Sýn, Bíórásin og Fjölvarpið hefur kostað kr 7.944 miðað við netverð fyrirtækisins. Áskrifendur sem kaupa stafræna þjónustu Norðurljósa nú gætu hinsvegar þurft að greiða á annan tug þúsunda króna fyrir úrvalið, og þurfa fyrst um sinn að skuldbinda sig í 12 mánuði til að kaupa þjónustuna.

Siminn býður nú yfir 40 erlendar stöðvar á Breiðvarpinu fyrir 3.995 kr. Þennan mikla verðmun milli landa má að nokkru leyti skýra með smæð íslensks markaðar. Hins vegar á eftir að ráðast í fjárfestingar til að klára uppbyggingu á stafrænum dreifikerfum hér, sem nú þegar er búið að byggja upp víða erlendis.

Ljóst er að íslenskir áhorfendur

munu þurfa að greiða niður þá fjárfestingu með áskriftargjöldum sínum.

Barátta um besta sjónvarpsefnið

Ef Og Vodafone/Norðurljós og Síminn/Skjár Einn fara í auknum mæli að keppa á markaðnum um sjónvarpsáskrifendur og fjarskiptanotendur þurfa þeir að bjóða enn betra sjónvarpsefni en samkeppnisaðilinn. Þetta getur leitt til þess að fyrirtækin yfirbjóða hvort annað til að ná mestri hylki áhorfenda og áhorfendur standa frammi fyrir því að greiða allt of hátt verð fyrir þjónustuna.

Nú þegar hefur verð á vinsælu erlendu skemmtiefni hækkað undanfarin misseri vegna samkeppni Norðurljósa og Skjás Eins. Þegar Íslenska útvarpsfélagið keypti enska boltann um árið höfðu margir á orði að greitt hefði verið allt of hátt verð miðað við stærð markaðarins. Nú, þegar enski boltinn er sýndur á Skjá Einum varð að greiða enn hærra verð til að ná efninu til samkeppnisaðilans.

Þetta er aðeins lítið dæmi um efniskaup sjónvarpsstöðva. Einnig er farið að bera á því að sjónvarpsstöðvarnar séu farnar að gera samninga við erlendar sjónvarpsstöðvar um að þær einar bjóði stöðvarnar. Þetta er nýmæli hér á landi og þýðir að mun hærra verð þarf að greiða fyrir efnið. Er þetta það sem koma skal? Hvað munu íslenskir sjónvarpsáhorfendur þurfa að greiða fyrir sjónvarpsefni í framtíðinni?

Eignarhald á fjölmiðlum

Eignarhald á fjölmiðlum skiptir einnig máli á fjölmiðlamarkaði, sérstaklega eignarhald á stafrænum ljósvakamiðlum. Í stafrænu sjónvarpi verður hægt að bjóða margskonar afþreyingu, svo og verslun og upplýsingaþjónustu með nýrri tækni. Í Bandaríkjunum hefur þróunin verið sú að skil milli fréttu, fréttaskýringu og afþreyingu eru að minnka.

Fyrirtæki á stafrænum fjölmiðlamarkaði bjóða ekki aðeins sjónvarpsefni heldur einnig úrval afþreyingar- og verslunar og reyna að auglýsa þjónustu sína á sem flestum stöðum til að auka notkun hennar og

þar með arðsemi fyrirtækisins. Þannig kunna sterk tengsl við þjónustufyrirtæki og verslanir að skipta máli þar sem líklegt er að sum þeirra njóti forréttinda umfram önnur í svokölluðu „walled garden“ umhverfi í sjónvarpi framtíðarinnar. Þessi garður er einskonar upphafssiða fyrir sjónvarps- og afþreyingarþjónustu í stafrænu umhverfi þar sem hægt verður að fara beint inn á heimasíður ákveðinna fyrirtækja, versla o.s.frv.

Eigendur fjölmiðlafyrirtækjanna sem hagsmuna hafa að gæta í verslun og þjónustu gætu þannig beintengt fyrirtæki sín áhorfendum á upphafssiðu sjónvarpsþjónustunnar. En spurningin er hvort neytendur geti verið vissir um að eigendurnir muni ekki misnota sér aðstöðuna.

Margrödduð umræða?

Í breyttu umhverfi ljósvakamiðla getur fréttaflutningur og hugmyndafræði orðið afar einsleit ef neytendur fá mestallt efnið frá einu fyrirtæki. Í nágrannalöndum okkar eru fjölmörg dæmi um það hvernig eigendur fjölmiðla hafa áhrif á fréttaflutning og hugmyndafræði stöðvanna.

Nefna má Berlusconi á Ítalíu sem er í þeirri sérkennilegu stöðu að eiga ekki aðeins flestar einkareknar sjónvarpsstöðvar landsins heldur ráðskast hann einnig með ríkissjónvarpsstöðvar Ítalíu.

Annað dæmi er sterk staða Rupert Murdochs á fjölmiðlamarkaði í Evrópu, Bandaríkjunum og Asíu. Æ fleiri bætast í þann hóp sem deilir á sjónvarpsstöð Murdochs, Fox í Bandaríkjunum, sem þykir vera með mjög einsleitan fréttaflutning á sjónvarpsstöðvum sínum og styður stefnu George W. Bush.

Sky sjónvarpsstöðin í Bretlandi, sem einnig er í eigu Murdochs, hefur einnig verið sökuð um að ráðast harkalega gegn BBC og styðja Tony Blair, sem styður Bush. Í þessu sambandi hefur hugtakið „foxification“ verið notað til að lýsa fréttaflutningi og hugmyndafræði sjónvarpsstöðva með svo einsleita umfjöllun.

Er hugsanlegt að í samþjöppun á fjölmiðlamarkaði á Íslandi þar sem tvö

öflug fyrirtæki berjast um viðskiptavinina geti nýr Murdoch einhvern daginn litið dagsins ljós?

Sótt að ríkisfjölmiðlunum

Til samanburðar má geta að í hinu breytta stafræna umhverfi þar sem Sky hefur yfirburði á markaðnum hafa æ fleiri bæst í þann hóp sem vill styrkja stöðu BBC til hlutlauss mót-vægis við einkastöðvarnar. Þetta gerist m.a. vegna þess að forsvarsmenn Sky hafa látið hafa það eftir sér að BBC sé of sterkt á markaði. Þó að hægt sé að horfa á BBC í áskriftar-pökkum einkaaðilanna þá hefur BBC þá sérstöðu að geta sjálft sent út stöðvar sínar á stafrænu formi í lofti um allt Bretland. Það er því ekki háð einkaaðilum í stafrænni dreifingu.

Á Íslandi er RÚV í þeirri stöðu að vera aðeins með eina rás og dreifikerfi sem er að verða úrelt, en erfitt og dýrt er að halda því við. Notendur vilja fá tugi stöðva, þar sem boðið er upp á íslenskt efni, fjölda erlendra stöðva, kvikmyndir og fleira. Stafrænt sjónvarp krefst dýrra myndlykla á hvert heimili og það svarar ekki kostnaði að byggja upp stafrænt kerfi með 1-3 ríkissjónvarpsstöðvar. Ljóst er að RÚV getur ekki keppt á þessum markaði við núverandi aðstæður. Því þarf að endurskoða hlutverk stofnunarinnar og hvaða stöðu hún á að hafa á breyttum markaði. RÚV verður í raun enn mikilvægari sem hlutlaus og óháð sjónvarpsstöð í breyttu umhverfi.

Fjölmiðlar hafa mikilvægu hlutverki að gegna í lýðræðislegu samfélagi. Þess vegna eru þeir sérstaklega viðkvæmir fyrir hverskyns hagsmunum eigenda. Þeir eru jú fjórða valdið og eigendur geta haft áhrif á fréttamat og hugmyndafræði starfsmanna og þar með umræðuna í samfélaginu.

Hugsmunir neytenda

Spurningin er hvort hagsmunum neytenda sé best borgið með því að hafa tvö stór fjölmiðla- og fjarskiptafyrirtæki sem keppa um sjónvarpsefni og neytendur. Það er hinsvegar leið sem myndi gera neytendum kleift að velja fjarskiptafyrirtæki og fá aðgang að



Frummælendur. Elfa Ýr Gylfadóttir, Guðmundur H. Frimannsson og Þorbjörn Brodda-son.

öllu því sjónvarpsefni sem þeir hafa áhuga á.

Nú í dag er sú regla viðhöfð að dreifikerfi verða að sjónvarpa opnum stöðvum, t.d. ríkissjónvarpsstöðvum gegn hóflegu gjaldi sé þess óskað. Þetta gengur undir nafninu „must carry“ reglan. Hinsvegar eru engar kvaðir um að dreififyrirtæki geti fengið að sjónvarpa því efni sem það óskar. Reglan gengur því aðeins í aðra áttina.

Ég hef velt því fyrir mér að ef kvaðir væru settar á fjölmiðlafyrirtækin um að þau yrðu að bjóða sjónvarpsrásir sínar á þeim dreifikerfum sem eru á markaðnum þá gæti Síminn sjónvarpað Stöð 2 og Og Vodafone Skjá Einum. Þetta myndi draga úr tilhneigingu fjarskiptafyrirtækja til að eignast efnisveitur og gera nýliðum á fjarskiptasviðinu auðveldara með að komast inn á markaðinn. Að auki myndi slíkt fyrirkomulag henta vel fyrir nýjar efnisveitur sem þyrftu ekki að gera samninga við annan tveggja fjarskipta- og fjölmiðlarisa sem e.t.v. hafa lítinn hag af því að bjóða aðra sjónvarpsþjónustu en sína eigin.

Þó að samkeppnin verði hörð milli

efnisveitna munu tvö stór fyrirtæki ekki keppa um hylli allra áskrifenda og því ekki víst að efnisverð myndi hækka jafn mikið. Einnig myndi slíkt fyrirkomulag stuðla að margradda umræðu í ljósvakamiðlum þar sem efnisveitur ólíkra eigenda með ólíka hugmyndafræði og hagsmuni myndu verða aðgengilegar áhorfendum á ólíkum dreifikerfum.

Það er þó ekki víst að slíkt fyrirkomulag myndi þjóna hagsmunum stærstu aðilina sem nú eru á markaði. Fjarskiptafyrirtæki vilja gjarnan komast inn á fjölmiðlamarkaðinn til að tryggja sér hærri tekjur fyrir virðisaukandi þjónustu, t.d. sjónvarpsefni og rafræna myndbandaleigu, þar sem mun minna er að hafa út úr fjarskiptaþjónustunni einni og sér.

Ljóst er að fjöldi spurninga vaknar í nýju fjölmiðla- og fjarskiptaumhverfi sem nú er í mótun. Í erindi mínu hef ég aðeins vakið máls á nokkrum þeim spurningum sem hljóta að koma upp í þessu nýja umhverfi. Margar fleiri biða einnig svara.

*Grein þessi er að stofni til erindi sem flutt var á málþingi Reykjavíkura-
akademíu 20. nóvember 2004*

Nokkur atriði um tjáningarfrelsið



Eftir
Guðmund Heiðar
Frímannsson

Almennt séð þá verður regla eða kenning um tjáningarfrelsið að tryggja að það þjóni því hlutverki sem nauðsynlegt er fyrir sjálfráða manneskjur, þær fái aðgang að ólíkum sjónarmiðum og geti sjálfar tjáð og varið eigin skoðanir og sjónarmið. En tjáningarfrelsi sem tryggir þetta opnar um leið möguleikann á því að mönnum verði frjálst að halda fram röngum skoðunum. Alvöru tjáningarfrelsi virðist krefjast þess að við getum valdið öðrum skaða með því að halda fram röngum skoðunum.

Svarið við þessum vanda er að hyggja að því hvers konar skaða er hér um að ræða. Skaðinn er ekki sambærilegur við það að ráðast á einhvern. Ástæðan er einföld. Þegar maður hlustar á og gaumgæfir skoðanir og sjónarmið annarra þá leitast maður við að meta þær forsendur sem skoðanirnar hvíla á og þær röksemdir sem settar eru fram. Þeir sem það gera eru fullveðja og sjálfráðir gerða sinna. Þótt segja megi að skoðanir og sjónarmið annarra valdi því að ég myndi mér rangar skoðanir þá geri ég það eftir að hafa metið sjálfur eða átt þess kost að meta sjálfur þær rök-

semdir og forsendur sem skoðanirnar eru reistar á. Þessi staðreynd veldur því að orsakakeðjan sem hér um ræðir er öðruvísi en þegar maður ræðst á einhvern eða kýlir hann. Maður ber sjálfur ábyrgð á eigin skoðunum, þótt þær séu fengnar frá öðrum, af því að maður hefur haft tækifæri til að gaumgæfa þær og fallast á þær eða hafna þeim en maður ber ekki sjálfur ábyrgð á því að einhver annar lemur mann. Sá sem lemur ber ábyrgð á þeim verknaði og afleiðingum hans.

Ef þetta er rétt greining á orsakakeðjunni í þessu samhengi þá virðist vera rétt að lýsa sambandinu á milli ábyrgðar og skaða einhvern veginn á þessa leið: a) Sá sem lætur í ljósi skoðun og rökstyður hana ber ekki ábyrgð á því að annar fallist á hana jafnvel þótt skoðunin reynist röng; b) sá sem lætur í ljósi skoðun og rökstyður hana ber ekki ábyrgð á athöfn annars sem hefur fallist á hana og athöfnin er afleiðing skoðunarinnar eða á afleiðingum athafnar hans. Sá sem lætur í ljósi skoðanir og sjónarmið sem hann telur vera rétt og sennileg ber því ekki ábyrgð á afleiðingum þess að aðrir fallast á sjónarmið hans. Þess vegna eru engin rök til þess að takmarka tjáningarfrelsið á þeim forsendum að menn kunni að hafa rangt fyrir sér og valdi því að aðrir hafi rangt fyrir sér líka. Þetta mætti kalla hina kantisku grunnreglu um tjáningarfrelsið því hún byggist á því að taka sjálfræði alvarlega.¹

En mér virðist að þessi regla takmarkist við að sá sem heldur skoðun eða sjónarmiði fram geri það í þeirri

trú að það sé satt eða líklega satt. Sé hann vísvitandi að ljúga að öðrum þá er eðlilegt að hann beri ábyrgð á orðum sínum og þeir sem hugsanlega hafa glapist til einhvers í krafti orða hans gætu átt kröfu á hendur honum og samfélagið getur refsað honum. Mörk tjáningarfrelsisins ráðast um sumt af þeim ásetningi sem vakir fyrir segjanda, sé sú greining rétt sem ég hef rakið. En það er sjálf-sagt að velta fyrir sér hvert er meginatriðið um mörk tjáningarfrelsisins? Menn virðast hafa farið út fyrir mörk þess sem eðlilegt getur verið þegar þeir banna kenningar eða skoðanir. Ef um væri að ræða að banna rit sem boðaði þjóðfélagsbýltingu þá horfði málið öðruvísi við. Mér virðist eðlilegt að segja um slíkt dæmi að ekki væri réttlæt看anlegt að koma í veg fyrir útkomu slíks rits enda væri það rit-skoðun, og það gæti enginn gert kröfu eftir á að það væri bannað. Frjálslynt stjórnvald verður að þola það að einstaklingar eða hópar manna reyni að breiða út skoðanir sem eru í andstöðu við það. Í frjálslyndinu felst að andstæðingar þess geta boðað eigin skoðanir innan þeirra reglna sem skipulagið setur. Beiti andóðsmennirnir hins vegar þvingunum eða ofbeldi þá eiga yfirvöld engan kost nema taka á móti þeim af fullri alvöru með þeim tækjum sem tiltæk eru. En boði þeir skoðanir sínar friðsamlega er ekki réttlæt看anlegt að setja þeim hömlur fremur en öðrum.

Þetta þýðir að því er mér virðist að löggjafinn geti bannað margvíslega starfsemi eða athafnir sé hægt að

1) T. Scanlon nefnir þetta grunnreglu Mills. Sjá bls. 160-161, s.r. Mér virðist að kenna megi regluna við Kant sem segir einfaldlega að Mill og Kant eru um sumt skyldir.

sýna fram á að hún skaði stóran hluta almennings eða jafnvel alla. En því fylgir ekki að heimilt sé að banna umræðu um slíka starfsemi eða verknað. Tjáningarfrelsisreglan setur mun strangari skilyrði fyrir banni við skoðunum eða tjáningu en annars konar verknaði. Almennu rökin fyrir þessu eru þau að við þurfum að geta rætt saman til þess að komast að niðurstöðu um kosti og ókosti hluta og athafna, umræða er því forsenda banns. Það er því eðlilegt að hafa mun rýmri heimildir til umræðu en athafna og verknaðar. Sú skipan á Íslandi svo að dæmi sé nefnt að reykingar eru heimilar nema á opinberum stöðum en það varðar við lög að lýsa kostum tóbaks og tóbaksnotkunar en ekki ókostum þess er ótrúleg og stangast á við öll eðlileg sjónarmið um tjáningarfrelsi. Ákvæðin í stjórnarskránni sem kveða á um að heimilt sé að takmarka tjáningarfrelsi með lögum vegna öryggis ríkisins, allsherjarreglu, til verndar heilsu, siðgæðis, mannorðs og réttinda eru vandasöm í túlkun en Hæstiréttur Íslands og Mannréttindadómstóll Evrópu hafa skýrt þau án þess að ganga óeðlilega á tjáningarfrelsið.

V
En það er eðlilegt að spyrja annarrar spurningar um tjáningarfrelsið. Það má heita viðtekið í Evrópu að bannað er að tala niðrandi um eða móðga hópa fólks á forsendum kynþáttar. Boðun kynþáttahatars er víða algerlega bönnuð. Spurningin er þessi: Er bann af þessu tagi réttlæt看legt? Af því sem ég hef sagt virðist verða að álykta að slíkt bann sé ekki réttlæt看legt. Ef meginreglan er sú að maður ber ekki ábyrgð á skaða sem maður getur valdið með því að fá aðra til að trúa röngum skoðunum né heldur á afleiðingum þess að aðrir taki að trúa þessum skoðunum þá virðist ekki réttlæt看legt að banna skoðanir sem byggjast á kynþáttahatri eða að þær séu láttnar í ljósi. Þeirri forsendu mætti bæta við að þetta ætti við um þá sem í alvöru tryðu því sem þeir segðu og stjórnuðust ekki af illvilja eða vargskap. Þá virðist ekkert vera við það að

athuga að menn boði kynþáttahatur. Það er ástæða til að taka eftir því að það er ekki tiltækt sem vörn fyrir þessu banni að slíkt boðun sé jafngildi ofbeldisverks, að ráðast á mann eða slá hann kaldan. Ástæðan er sú að það er verulegt bit í tjáningarfrelsisreglunni og hún heimilar einmitt skoðanaskipti sem geta gengið mjög nærri mönnum.

Þótt tjáningarfrelsisreglan eins og ég hef túlkað hana heimili ekki bann á skoðunum á borð við kynþáttahyggju þá kann að vera að rökstuðning megi sækja annað fyrir slíku banni. Mér virðist að lýðræðisskipanin leggi okkur röksemdir til þess. Sambandið á milli lýðræðis og tjáningarfrelsis virðist mér vera þannig að tjáningarfrelsi sé forsenda lýðræðis, lýðræði geti ekki þrífist án tjáningarfrelsis en hins vegar þá sé hugsanleg samfélagsskipan þar sem tjáningarfrelsi er viðhaft án lýðræðis. Það er í raun sú skipan sem Kant er að lýsa í grein sinni sem vitnað var til áður þar sem Friðrik mikli leyfði þegnum sínum að rökræða um hvaðeina en gerði síðan kröfu til þess að þeir hlýddu þegar hann hafði ákveðið eitthvað. Lýðræðisskipanin gengur út á það að allir þegnar komi eða geti komið að sameiginlegum ákvörðunum. Í þessu sambandi breytir engu hvort verið er að ræða um beint lýðræði eða fulltrúa-lýðræði. Til þess að tryggja það að hver og einn eigi þennan möguleika eru settar ákveðnar reglur um stjórn-málakerfið: Hver og einn hefur eitt atkvæði í atkvæðagreiðslum og aðeins eitt, enginn getur greitt atkvæði í annars stað og enginn getur selt atkvæði sitt. Ástæðan fyrir þessum reglum er einföld. Það er verið að tryggja það að áhrif hvers og eins birtist í lýðræðislegum ákvörðunum. Það er eðliseinkenni almenns lýðræðis að allir eiga möguleika á að hafa sömu eða sambærileg áhrif á ákvarðanir.

En það er ekki einvörðungu í ákvörðunum sem þarf að tryggja áhrif allra heldur líka í þeim ferlum sem eru aðdragandi ákvarðana. Slíkir ferlar ganga út á að kynna staðreyndir máls og koma ólíkum skoðunum og sjónarmiðum á framfæri við alla sem láta sig málið einhverju skipta. Í slíkum ferlum

reynir á tjáningarfrelsið og hinar lýðræðislegu aðstæður til að neyta þess. Mér virðist að þær aðstæður geti skýrt af hverju við erum reiðubúin að banna tiltektnar skoðanir. Það eru sjálfsgöðir hagsmunir hvers og eins í lýðræði að hann fái óhindrað að láta skoðanir sínar í ljósi. Kynþáttahyggja hefur það leynt og ljóst að markmiði að niðurlægja tiltekna hópa og við vitum líka að ofbeldi gagnvart þeim hópum sem eru viðfangsefni kynþáttahyggjunnar fylgir iðulega í kjölfar boðunarinnar. Frjáls boðun hennar er því líkleg til að skapa ugg og ótta hjá heilum hópum fólks sem kemur í veg fyrir að þeir hópar neyti réttar síns í aðdraganda lýðræðislegra ákvarðana. Það er því eðlileg krafa að yfirvöld komi í veg fyrir boðun slíkra skoðana eftir því sem það er mögulegt, ekki á þeim forsendum að skoðunin sé röng eða fyrirtilleg, sem hún er, heldur vegna þess að hún truflar lýðræðið og kann að leiða til ofbeldis. Þessi virðist mér vera rökstuðningurinn fyrir banni á kynþáttaförðum og tjáningu þeirra.

Því miður er málið ekki alveg svona einfalt. Ástæðan er sú að staðhæfingar um kynþætti og eðli þeirra og göfgi eru staðhæfingar um hópa fólks. Við skulum taka dæmi. Því hefur verið haldið fram að svartir menn séu óæðri hvítum, að svartir menn hafi minni hæfileika en hvítir, að svartir menn séu ekki eins greindir og hvítir. Þetta eru dæmigerðar skoðanir sem sumir kynþáttahyggjumenn halda fram og reyna að rökstyðja. Í fyrsta lagi gæti andmælandi sagt að setningar á borð við þær sem sagðar voru hér áðan eru almennar og beinast ekki að neinum tilteknum einstaklingi. Þær valda engum tilteknum einstaklingi tjóni. Allt tjón sem getur komið til álita til að takmarka tjáningarfrelsisregluna hlýtur að vera tjón eða mein einstaklings. Ef við viljum ræða um tjón heils hóps verður hver og einn að hafa skaðast rétt eins og þegar snjóflóð fellur á heilt þorp og allir þorpsbúar hafa skaðast af því að hver og einn hefur misst eignir, bedið líkamlegt tjón eða misst ástvini. Mér virðist erfiðara að halda því fram að hver og einn svertingi verði fyrir tjóni í sama skilningi og

þorpsbúarnir þegar staðhæft er að svartir séu óæðri kynþáttur. Það er hópurinn óháð hverjum og einum sem er lítilsvirtur. Í öðru lagi gæti andmælandi sagt að allir þeir sem væru í hópum sem taldir væru óæðri yrðu að þola skoðanir á borð við þær sem lýst var hér að ofan. Það fylgja því óþægindi að verða fyrir staðhæfingum af þessu tagi en maður verður einfaldlega að þola þær. Í þriðja lagi gæti andmælandi sagt að bann við tilteknum skoðunum stæðist ekki tjáningarfrelsisregluna heldur getum við einungis með réttu bannað að skoðanir séu láttnar í ljósi með hatursfullum hætti.

Ég hef ekki tíma til að fjalla um þessar röksemdir hér.

VI

Mér sýnist að spurningar um hlutverk fjölmiðla í samfélagi nútímans vakni á nákvæmlega sömu forsendum og liggja að baki banni á kynþáttahyggju. Fjölmiðlar búa eins og við öll við eðlilegt og óheft tjáningarfrelsi og þeir eiga að gera það. Spurningarnar sem vakna um þá eru fyrst og fremst um hlutverk þeirra í lýðræðinu. Mér virðist að skipta megj algengum spurningum um þá í þrennt í þessu samhengi. Í fyrsta lagi þá eru það spurningar um vald þeirra og styrk. Í öðru lagi þá eru það spurningar um innihald. Í þriðja lagi um eignarhald. Það er rétt að skyra þessa þrískiptingu aðeins nánar. Við getum vel haldið því fram að fjölmiðlar séu veikir og áhrifalítillir í samfélagi nútímans og jafnframt haldið því fram að eignarhald eigi að vera dreift. Svörin við þessum tveimur spurningum eru röklega óháð hvort öðru en það samband er þó á milli þeirra að því öflugri sem maður trúir að fjölmiðlarnir séu því brýnna kann það að virðast að eignarhald sé dreift.

Það eru vel þekktar deilur um áhrif ofbeldis í sjónvarpi á börn. Niðurstaðan úr þeim virðist vera sú að lítið samband er á milli ofbeldishegðunar barna og að horfa á ofbeldi í sjónvarpi. Hver skyldu vera áhrif fjölmiðla yfirleitt á skoðanir og hegðun fullorðins fólks? Það virðist vera erfitt að fullrða nokkuð um hver þessi áhrif yfir-

leitt eru. Almennt séð virðast svörin sem flestir gefa við spurningunum þremur vera eitthvað á þessa lund: 1. Við vitum ekki hver áhrif fjölmiðla eru á skoðanir og skoðanamyndun fólks en við óttumst að þau séu meiri en virðist. Vald fjölmiðla virðist oft mikið vegna þess að þeir veita valdsmönnum aðhald og þeir geta valdið valdsmönnum verulegum vandræðum með fréttáflutningi, jafnvel stuðlað að því að þeir hverfi frá völdum. 2. Allir telja æskilegt að efnisframboð fjölmiðla sé sem fjölbreyttast. 3. Allir telja að æskilegt sé að eignarhald sé dreift á fjölmiðlum og óviðunandi sé að einn einstaklingur eða eitt fyrirtæki eigi alla fjölmiðla í einu þjóðfélagi. Um leið og reynt er að gera setningarnar nákvæmari en hér er gert skiptast skoðanirnar.

En ljóst er að dreifing upplýsinga í nútíma samfélagi er orðin mikilvægur iðnaður í bland við umfangsmikið skemmtihlutverk fjölmiðla. Stórfyrirtæki og peningamenn sækja inn á fjölmiðlamarkaðinn og virðast sjá sér hag í því að eiga fjölmiðla. Í ljósi þessa hafa fáeinir fræðimenn talið að réttlætun væri að reisa frekari skorður við tjáningarfrelsi fjölmiðla en einstaklinga.

Við skulum skoða rökin. 1. Fjölmiðlar eru fyrirtæki sem stjórnast ekki af sömu eða sams konar ástæðum og manneskjur af holdi og blóði. Eðlilegt er að velta því fyrir sér hvort endilega er sjálfsagt að sömu reglur eigi að gilda um þá. Rökfærslur sem eru settar fram til varnar tjáningarfrelsinu miðast við að verja frelsi fólks af holdi og blóði. Þegar slíkir einstaklingar skiptast á skoðunum eru þeir svipaðrar gerðar og hafa svipuð tækifæri og svipaða hæfileika. En þegar við tölum um fyrirtæki breytist umhverfið. Fyrirtæki eru miklu öflugri en ein manneskja og geta auðveldlega þaggað niður í skoðunum eins einstaklings. Ef fyrirtæki eru orðin verulega stór eins og mörg fjölmiðlafyrirtæki í Evrópu og Norður-Ameríku þá geta þau hæglega farið að gera hluti sem rökin fyrir tjáningarfrelsi duga engan veginn til að styðja. Það er ójöfnuður á milli einstaklinga og fyrirtækja sem löggjafinn þarf að

jafna. Þess vegna er ekki hægt að leggja fjölmiðlafrelsi og tjáningarfrelsi að jöfnu. 2. Fjölmiðlafrelsi er hluti tjáningarfrelsis. Fjölmiðlum sem starfa í lýðræðisskipulagi ber að tryggja ákveðna fjölbreytni í efni til að efla lýðræði og lýðræðislega umræðu. Fyrirtæki í nútíma umhverfi eru rekin til að hagnast á þeim. Ef þau hagnast ekki hætta þau starfsemi. Allt sem þau gera verður að lúta þessu markmiði. Þess vegna leitast þeir við að framleiða efni sem er ódýrt en vinsælt. Það leiðir til einhæfs framboðs á efni. Þeir bjóða því ekki upp á fjölbreytt efni sem eflir lýðræðið. Þess vegna verður að greina á milli fjölmiðlafrelsis og tjáningarfrelsis og gera ríkari kröfur til fjölmiðla en einstaklinga.² 3. Fjölmiðlar nútímans til dæmis halda slíkum kynstrum af efni að almenningi að það er útilokað fyrir nokkurn mann að vegna og meta það sem hann fær. Það er ekki alltaf þannig að allt þetta efni standist stranga kröfu um að vera beinlínis satt og rétt og stuðlar þess vegna að því að rugla fólk fremur en upplýsa. Þessi ókjör beinlínis draga úr líkum á því að hver og einn rökræði og meti skoðanir eða upplýsingar sem fram eru bornar af einhverri yfirsýn eða þekkingu. Þau eru af öllu hugsanlegu tagi en sennilega er stærstur hlutinn nú um stundir skemmtiefni, efni um frægt fólk, tísku og íþróttir. Án þess að ég vilji sérstaklega draga úr gildi þessa efnis þá er það svo að magnið eitt þaggar niður í flestu því sem ekki er efst á baugi hverju sinni og stuðlar þar með ekki að þeirri fjölbreytni skoðana sem æskileg er. Þar með gerir það einstaklingana óvirka þiggjendur sem hvorki leitast við að meta það sem á borð er borið né að hafa áhrif á eigið samfélag.

Þetta eru allt merkileg rök en mér virðast þau engan veginn duga til að rökstyðja sérstakar hömlur á fjölmiðla. Það er rétt að ójöfnuður er á milli einstaklinga og fjölmiðlafyrirtækja. En það má jafna með ákveðnum reglum um skyldur fjölmiðla að birta leiðréttingar verði einstaklingar fyrir óréttmætri árás eða athugasemdum frá fjölmiðli. Það er líka rétt að nútíma fjöl-



Pallborð. Birgir Guðmundsson, Logi Bergmann Eiðsson, Elfa Ýr Gylfadóttir, Guðmundur H. Frimannsson og Þorbjörn Broddason.

miðlar, sérstaklega sjónvarp, hafa sterka tilhneigingu til einhæfni í efnisframboði. Gegn þessu er lítið að gera gagnvart dagblöðum en um útlit og sjónvarp gildir að löggjafinn getur sett ákveðin skilyrði fyrir úthlutun leyfa um efnisframboð, framleiðslu innlands efnis eða hvaðeina sem talið er skynsamlegt og heppilegt. Um magnið er það að segja að auðvitað er það meira nú en fyrir þrjátíu eða jafnvel tuttugu árum. En ég get með engu móti séð að fjölmiðlar hafi óhjákvæmilega þau áhrif að fólk hugsi ekki um aðstæður sínar og samfélag. Við vitum einfaldlega of lítið um áhrif fjölmiðla á neytendur.

Ég hef fjallað um tjáningarfrelsið og einstaklinga og tjáningarfrelsið og fjölmiðlana en ég hef ekkert sagt um blaðamenn og tjáningarfrelsið. Blaðamenn eru á ýmsan hátt í annarri stöðu gagnvart því en almenningur. Þeir hafa bæði ríkari

ábyrgð og ríkari skyldur. Þetta má sjá með einföldu dæmi. Ég benti á það fyrir að það gæti verið vandasamara en virðist að banna tiltekna skoðanir fremur en að banna að láta þær í ljósi með hatursfullum hætti. Starfið leggur þær skyldur á herðar blaðamönnum að þeir sýni sérstaka varkárni þegar fjallað er um viðkvæm mál á borð við stöðu ólíkra samfélagshópa á borð við hópa svartra, innflytjenda eða annarra rétt eins og í málefnum einstaklinga. Blaðamaður sem skrifaði umfjöllun um málefni innflytjenda á þann hátt að sjálfsagt væri að þeir væru allir fluttir úr landi væri að bregðast skyldum sínum sem blaðamaður. Ef hann skrifaði umfjöllun sem byggðist á þeirri forsendu að helförin hefði aldrei átt sér stað væri hann sömu leiðis að bregðast skyldum sínum. Ástæðan er sú að það er eðlilegt að gera þá kröfu til blaðamanna bæði

að þeir kynni sér viðurkenndar staðreyndir þeirra mála sem þeir fjalla um og sýni aðgát. Almenningur sem héldi sömu skoðun fram gæti átt sér afbötun í fáfræði.

Mér virðast allar þessar tilraunir til að rökstyðja að ekki sé nægilegt að fjölmiðlar starfi samkvæmt tjáningarfrelsisreglunni eins og einstaklingar mistakast. Öflug fjölmiðlafyrirtæki gegna mikilvægu hlutverki í lýðræði samtímans en við vitum ekki mikið um samband fjölmiðla og skoðanamyndunar einstaklinga. Tjáningarfrelsið gerir þá kröfu um að menn leitist við að fara með rétt mál. En fjölmiðlar eru fyrirtæki og það er eðlilegt að samfélagið setji þeim reglur í ljósi hlutverks þeirra og mikilvægis.

Grein þessi er að stofni til erindi sem flutt var á málþingi Reykjavíkuraðemiunnar

2) Sjá Judith Lichtenberg. 1990. „Foundations and The Limits of Freedom of The Press.“ Í J. Lichtenberg (ritstj.) *Democracy and The Mass Media*. Cambridge University Press, New York. Bls. 102-135. Í þessari grein reifar Lichtenberg þessi rök mun ítarlegar en hér er gert.

Samningar framlengdir

– samið næsta haust



Eftir
Róbert Marshall
formann BÍ

Þegar samningar urðu lausir nú í haust varð það að niðurstöðu samningaráðs félagsins að best væri að semja til styttri tíma. Á fjölmiðlamarkaði hefur verið nokkur skjálftavirkni síðustu misserin. Ný fjölmiðlalög eru yfirvofandi og símafyrirtæki hafa með óvæntum hætti blandast í eignarhald fjölmiðla. Það var því okkar mat að við myndum biða og sjá. Skammtíma-samkomulag sem við gerðum við Samtök atvinnulífsins og síðar Frétt var því grundvallað á hóflegri kröfugerð. Nokkur atriði voru lagfærð í gamla samningnum og brotalamir bættar hjá DV-hluta Fréttar ehf.

Samkomulag sem við gerðum við Frétt í byrjun desember á síðasta ári fól í sér stofnun höfundarréttarsamtaka. Samkvæmt því fengu félagar í BÍ, sem starfa á Fréttablaði og DV, 10 þúsund króna eingreiðslu á síðasta ári og 30 þúsund í ár.

Þar fyrir utan var samið sérstak-


lega um það hvað varðar starfsfólk DV að allir þeir sem eru með yfirgreiðslu samkvæmt fastlaunasamningi, sem er undir 25 yfirvinnustundum, fá hér eftir a.m.k. 25 yfirvinnustundir greiddar á mánuði. Samkvæmt mínum upplýsingum breytir þetta stöðunni verulega fyrir a.m.k. 10 blaðamenn á DV. Þeir munu hækka um á bilinu 10 til 30 þúsund á mánuði vegna þessa ákvæðis. Að auki er samkvæmt þessu samkomulagi gert ráð fyrir launaviðtali sem hver blaðamaður á DV á rétt á fyrir 1. mars.

Á ársgrunni þýðir þetta fyrir blaðamann á DV sem verst var staddur fyrir samninga: rúmlega 20 þúsund aukalega í desember uppbót, 40 þúsund vegna höfundarréttarsamtaka, að minnsta kosti 10 þúsund og allt að 30 þúsund vegna yfirvinnu.

Við erum því að horfa á samning sem þegar mest lætur skilar 90 þúsund krónum í vasann á blaðamanni á DV og þar ofan á bætist það sem samið var um í samningunum við SA, prósentuhækkun og lífeyrisprósentuhækkun sem saman gera um 4% hækkun. Miðað við hóflega kröfugerð sem miðaði fyrst og fremst að því að ná framlengingu nógildandi samnings tel ég okkur geta vel við unað.

Og svo eru hinir eiginlegu kjarasamningar eftir í haust. Þetta er í sam-

ræmi við það sem ég kynnti á fundum með félagsmönnum fyrir samningalotuna. Næsta haust gerum við svo heildstæða kjarasamninga til lengri tíma. Kröfugerð okkar verður þá ítarlegri og í takt við þróun á fjölmiðlamarkaði. Ennfremur mun hún taka mið af samningum sem aðrar stéttir hafa gert fram að þeim tíma.



Pressuball 2005

Blaðamanna verðlaun 2004

12. febrúar
á Hótel Borg

„Samkvæmistímabilið hafið“

„Ball ársins!“



„Galadansleikur!“



Húsið opnað
klukkan 19:00
með fordrykk
í boði Blaðamannafélagsins

Matseðill

Forréttur:
Parmaskinka með foie grass,
balsamic vinagrette og brios brauði

Aðalréttur:
Heilsteikt nautalund með kantarellu,
kartöflum og bourguignonnesósu

Eftirréttur:
„Très colores“ með volgum jarðarberjum og steiktum ananas



Ræðumaður kvöldsins er

Karl Blöndal
aðstoðarritstjóri Morgunblaðsins



Hljómsveitin

Vax

leikur fyrir dansi

Verð fyrir mat og ball:

Kr. 4.300,- fyrir félagsmenn BÍ

Kr. 6.300,- fyrir utanfélagsmenn

Verð kr. 1.500,- fyrir ball eingöngu
eftir kl. 23:00

Miða er hægt að nálgast á Hótel Borg og fá þá á félagsmannaverði
gegn framvísun skírteinis frá BÍ

ATH! Staðgreiðsla með peningum, engin kort

Reglur um Blaðamanna- verðlaunin

BLAÐAMANNAVERÐLAUN ÁRSINS

- Besta umfjöllun ársins 2004
- Rannsóknarblaðamennska ársins 2004
- Blaðamannaverðlaun ársins 2004

Dómnefnd, sem í sitja skilríkir menn með mikla reynslu af fjölmiðlum, fer yfir tilnefningar og kemst að endanlegri niðurstöðu um Blaðamannaverðlaun ársins.

Þessar viðurkenningar Blaðamannafélags Íslands eru veittar til að stuðla að vönduðum vinnubrögðum í íslenskum fjölmiðlum hvers konar.

§ 1

Til viðurkenningar fyrir framúrskarandi frammistöðu og gott fordæmi í íslenski fjölmiðlun veitir Blaðamannafélag Íslands Blaðamannaverðlaun ársins á hverju ári.

Verðlaunin greinast í þrennt og eru hverju sinni kennd við viðkomandi ár:

- Rannsóknarblaðamennska ársins
- Besta umfjöllun ársins
- Blaðamannaverðlaun ársins

Veitt eru heiðurskjal fyrir hvern flokk, minjagripur og vegleg peningaverðlaun sem stjórn Blaðamannafélags Íslands ákveður.

Viðurkenningarnar eru veittar á hverju ári í öllum flokkum, svo fremi dómnefnd telji að tilnefningarnar séu þess virði.

§ 2

Dómnefnd úthlutar ekki síðar en 1. maí ár hvert viðurkenningum Blaðamannafélags Íslands fyrir bestu umfjöllunina og bestu rannsóknarblaðamenskuna á árinu á undan.

Blaðamannaverðlaun ársins eru veitt fyrir eftirtektarverða framgöngu á sviði íslenskrar fjölmiðlunar.

Dómnefnd má úthluta viðurkenningum til einstaklings eða skilgreinds starfshóps (ritstjórnar eða samstarfshóps), eftir því sem henni þykir við eiga.

Verðlaunahæf blaðamennska fjallar um aðkallandi málefni, er góð að efni og formi, sanngjörn og traust.

Dómnefndarfulltrúar geta ekki sjálfir þegið viðurkenningar Blaðamannafélags Íslands. Dómnefndinni ber að hafa sérstaka aðgát við mat á fjölmiðlaefni sem sætir kæru sem ekki hefur verið til lykta leidd.

§ 3

Stjórn Blaðamannafélags Íslands skipar fimm fulltrúa í dómnefnd,

þar á meðal formann hennar, til að veita viðurkenningar Blaðamannafélags Íslands fyrir árið 2003 en upp frá því er dómnefndin kosin á venjulegum aðalfundi félagsins einu sinni á ári. Formaður hennar skal sérstaklega kosinn.

§ 4

Hver sem er má tilnefna fjölmiðlaumfjöllun og fjölmiðlamann/menn til Blaðamannaverðlauna ársins. Tillögur (dómnefndarmanna eða annarra) skulu hafa borist dómnefndinni ekki síðar en mánuði áður en viðurkenningarnar eru veittar. Blaðamannafélag Íslands skal með tryggilegum hætti auglýsa þann frest með hæfilegum fyrirvara.

Tilnefningarnar skulu sendar skrifstofu Blaðamannafélags Íslands skriflega, sem jafnframt, þegar þörf krefur, aflar upplýsinga og gagna um hið tilnefnda, þar á meðal hver eða hverjir séu höfundar þess. Dómnefnd eru kynntar tillögurnar en ekki hverjir tilnefndu.

Dómnefnd ákveður hvernig tilnefningarnar eru flokkaðar. Hún kys þrjár bestu tilnefningarnar í hverjum flokki sem endanlega verður valið á milli. Þessar tilnefningar verða gerðar opinberar. Niðurstaða dómnefndar er trúnaðarmál þangað til verðlaunin eru veitt.

Dómnefndin skal rökstyðja val sitt skriflega en þarf ekki að rökstyðja hvers vegna tilnefningum var hafnað.

Dómnefndin skal hafa ríkt í huga þá hvatningu sem verðlaunin eiga að veita og taka eftir fongum tillit til starfsaðstæðna hinna tilnefndu.

§ 5

Tilnefningar, sem ekki verða gerðar opinberar skv. grein 4, sem og umræður á fundum dómnefndarinnar, eru trúnaðarmál. Í fundargerðum skulu eingöngu ákvarðanir skráðar.

§ 6

Við endanlegt val á verðlaunahöfum hafa atkvæðisrétt eingöngu þeir dómnefndarfulltrúar sem mættir eru. Í fyrstu umferð atkvæðagreiðslu skal einn hinna þriggja tilnefndu í hverjum flokki felldur út og í annarri umferð skal kosið milli hinna tveggja sem eftir eru. Einfaldur meiri hluti atkvæða ræður en verði jafntefli ræður atkvæði formanns.

§ 7

Val dómnefndar er endanlegt og verður ekki áfrýjað.



Blaðamanna- verðlaun í annað sinn

Blaðamannaverðlaun Íslands fyrir árið 2004 verða afhent við hátíðlega viðhófn á sérstöku pressuballi á Hótel Borg þann 12. febrúar næstkomandi. Þetta verður í annað sinn sem þessi verðlaun verða veitt, en eins og sjá má í reglugerð um verðlaunin þá eru þau veitt í þremur flokkum. Verðlaunagripurinn er bronsstyttta af penna sem stendur á stalli og hefur áttavita í bakgrunni. Ekki hefur gripurinn fengið neitt sérstakt nafn en manna



aðilar í samgöngum og sjávarútvegi, stjórnálmenn jafnt á landsvísi og í sveitarstjórnum, landamæradeilur Samkeppnisstofnunar og Ríkislögreglustjóra, og spurningin um fyrningu meintra saka vegna samkeppnislagabrota.

BLAÐAMANNA- VERÐLAUN ÁRSINS:

Agnes Bragadóttir, Morgunblaðinu, fyrir afhjúpanði greinaflokk sinn Baráttan um Íslandsbanka og hennar hlut í umfjöllun blaðsins

á meðal hefur hann verið kallaður „blaðamannapenninn“ eða „blaðamannakompásinn“.

Verðlaunaafhendingin í fyrra vakti mikla athygli en engu að síður er ástæða til að rifja upp hverjir það voru sem fengu þessi verðlaun og hver rökstuðningur dómnefndarinnar var.

RANNSÓKNARBLAÐAMENNSKA ÁRSINS

Brynhildur Ólafsdóttir, Stöð 2, fyrir öflugra umfjöllun um varnarmál og boðaða brottför hersins.

Rökstuðningur:

Fréttir Brynhildar um herstöðvarmálið og fyrirhugaðan niðurskurð í varnarviðbúnaði á Keflavíkurflugvelli síðast liðið sumar vörpuðu nýju ljósi á samskipti íslenskra og bandarískra stjórnvalda og drógu meðal annars fram að málið hafði verið á borði ríkisstjórnarinnar frá því viku fyrir kosningarnar í maí. Við vinnslu þessara fréttu þurfti Brynhildur að velta við steinum bæði hér á landi og í Bandaríkjunum, enda var sumt af því sem hún fjallaði um flokkað sem

trúnaðarmál. Unnið var úr þessum rannsóknum af þekkingu og fagmennsku og því tókst henni að flytja landsmönnum áhugaverðar fréttir sem skiptu allan almenning verulegu máli.

BESTA UMFJÖLLUN ÁRSINS:

Reynir Traustason, Fréttablaðinu, fyrir frumkvæði og heildstæða umfjöllun um rannsókn Samkeppnisstofnunar á samráði oluvelaganna.

Rökstuðningur:

Fréttir Reynis Traustasonar þar sem greint var frá niðurstöðum úr frumskýrslu Samkeppnisstofnunar settu allt samfélagið á annan endann í fyrrasumar. Ekki eingöngu sýndi Reynir útsjónarsemi við að komast yfir þessar fréttæmu upplýsingar heldur fylgdi í kjölfarið umfjöllun af hans hálfu sem undirstrikar yfirsýn og skilning á hversu viðtæk áhrif þetta samráð hafði. Dögum saman leiddi Reynir með fréttum sínum af málinu umræðuna í þjóðfélaginu, og velti upp fjölmörgum flötum í málinu í eftirtektafyrri eftirfylgni með málinu. Þar komu við sögu hagsmuna-

um skattamál Jóns Ólafssonar.

Rökstuðningur:

Greinaflokkur Agnesar Bragadóttur „Baráttan um Íslandsbanka“ sem birtist í Morgunblaðinu í febrúar sameinar flest það sem einkennir vandaða blaðamennsku – fréttæmi, dýpt, hlutlægni og framsetningu. Þar var upplýst um ótrúleg baksviðsátök í íslensku viðskiptalífi og dregin upp heildstæð mynd af veruleika sem flestum landsmönnum hafði verið hulin áður. Mjög mikið af nýjum upplýsingum kom þarna fram og var allur þessi fróðleikur settur í samhengi þannig að skilningur almennings á hinum nýja og gjörbreytta veruleika íslensks viðskiptalífs er nú allur annar en áður. Greinarflokkurinn er í raun einstakt afrek og þegar til viðbótar kemur að Agnes er annar tveggja meginhöfunda annars stórs blaðamáls á síðasta ári, sem er umfjöllun Morgunblaðsins um skattamál Jóns Ólafssonar, þá er ljóst að Blaðamannaverðlaun ársins 2003 falla henni í skaut.

Pressu- böll



Eftir
Elínu Pálmadóttur



Fjöldasöngur. Á pressuböllum var fjöldasöngur eins og enn tíðkast víða á skemmtunum. Hér má sjá þau taka lagið Kristján Benediktsson framkvæmdastjóra Tímans (t.v) og konu hans Svanlaugu og Kára Jónasson sem þá var á Tímanum og konu hans Ragnhildi Valdímarsdóttur. Ljósmynd GE



Samstarf keppinauta. Þessi mynd er raunar ekki frá pressuballi eins og aðrar myndir í þessari umfjöllun, heldur frá vígslu hátíð þegar Blaðamannafélagið tók í notkun húsnæði í Síðumúlanum. Þarna hjálpast þeir að við að hella veigum í glös þeir Björn Vignir Sigurpálsson núverandi fréttaritstjóri Morgunblaðsins og Kári Jónasson núverandi ritstjóri Fréttablaðsins. Aðstæður á fjölmiðlamarkaði voru aðrar þegar myndin var tekin en þær eru nú. Ljósmynd Bjarnleifur



Alþýðublaðsdans. Hér má sjá tvo blaðamenn Alþýðublaðsins sýna listir sínar á dansgólfinu á pressuballi. Til vinstri er Þorgrímur Gestsson þegar hann var á Alþýðublaðinu og til hægri er Loftur Guðmundsson sem var líka á Alþýðublaðinu. Ljósmynd GE



Ríthöfundaspjall. Práinn Bertelsson er hér í alvöruþrungnum samræðum við Steinunni Sigurðardóttur á pressuballi. Hann með karlmannlegan vindil en hún með kvenlega sigarettu. Ljósmynd GE



Málin rædd. Hér má sjá þau ræða saman á pressuballi Ólaf Jónsson, bókmenntagagnrynda á Vísí sem er lengst til vinstri, Svövu Jakobsdóttur, Sigríði Ásdísi Þórarinsdóttur og Odd Ólafsson á Timanum. Ljósmynd GE

Þegar BÍ efndi til Pressuballs í fyrra rifjuðust upp við eitt borðið, þar sem m.a. sátu eldri félagar, ýmis atvik frá Pressuböllunum gömlu á sjöunda áratug liðinnar aldar – og raunar líka frá blaðamannaklúbbunum tveimur sem þá var farið af stað með. Þótti ástæða til að yngri blaðamenn fengju líka að heyra. Ég, Elín Pálmadóttir sem var í undirbúningsnefndinni nær öll árin, hafði því samband við Atla Steinars-son, sem í 17 ár var gjaldkeri félagsins og því sem slíkur í undirbúningi pressuballa. En þetta uppátæki hafði vitanlega í för með sér talsverða fjárhagslega áhættu. Við Atli rifjuðum saman upp þessi skemmtilegu böll.

Þess má geta að BÍ mun hafa efnt til eins eða fleiri pressuballa á fjórða áratugnum á Hótel Borg og þá verið boðið sendiherrum erlendra ríkja, sem mættu í fullum einkennisskrúða með korða.

Nú var hugmyndin að pressuböllin yrðu glæsilegasta og eftirsóttasta ball ársins, eins og blaðamenn efna víða til. Til þess að gera þau nægilega eftirsótt – með viðeigandi snobbgildi – svo að sóst yrði eftir svo dýrum aðgöngumiðum, varð að vanda mjög til matseðils og skemmtikrafta – að ekki sé talað um til ræðumanns. Heiðurs-

Myndir með þessari umfjöllun eru frá pressuböllum í lok 7. áratugarins nema annað sé tekið fram



Spekingar spjalla. Hér má sjá þá Sigurð Magnússon, blaðafulltrúa Loftleiða, Indriða G. Þorsteinsson, ritstjóra Timans og Sigurjón Jóhannsson á Þjóðviljanum stinga saman nefjum. Ljósmynd GE

gestur var jafnan stjórnmalamaður, sem hátt bar í fréttum eða skáld. Félagar í BÍ fengu svo miða á niðursettu verði og létu ekki sitt eftir liggja.

Ráðist var í fyrsta Pressuballið þegar glæsihótelíð Saga var opnað 1963. Stangveiðiballið, sem þangað til var talið ball ársins, var á föstudegi (aðeins fyrir félagsmenn), og kvöldið eftir hið opna Pressuball. Gunnar Gunnarsson skáld var ræðumaður.

Pressuböllin voru ætíð í mars og voru kærkomin tilbreyting í skammdeginu. En þá voru oft vond veður, sem fengu á sig nafnið „Pressuballsbyljir“. Eward Heath, forsætisráðherra í skuggaráðuneyti breska íhaldsflokksins kom í því líku veðri að leit út fyrir að flugvélin gæti ekki lent og ófært yrði að brjótast með hann af Keflavíkurflugvelli. Atli Steinarsson og þáverandi formaður BÍ Tómas Karlsson óku fram fyrir bil breska sendiherrans með gestinn og létu hann elta ljósið á bílnum í kafaldinu. Í hádegisverðarboði í Ráðherra-



Pressuballsrabb. Hér má sjá í samræðum þá Jónas Kristjánsson á Visi (t.v), Atla Steinarrsson á Morgunblaðinu og Agnar Bogason á Mánudagsblaðinu. Ljósmynd GE



Rætt við ráðherra. Gylfi Þ. Gíslason, þáverandi menntamálaráðherra, Elin Pálmadóttir sem var í pressuballsnefnd og Jóhanna Pálsdóttir eru hér á spjalli á pressuballi í Lidó. Í þeim húsakynnum er Fréttablaðið nú til húsa.



Forseta heilsað. Kristján Eldjárn, forseti Íslands kemur á pressuball og Jónas Kristjánsson þáverandi formaður Bláðamannafélagsins tekur á móti honum ásamt konu sinni Kristínu Halldórsdóttur. Ljósmynd GE

bústaðnum daginn eftir þakkaði sendiherrann Atla innvirðulega lífgjöfina, því nýi bílstjórinn hans hefði aldrei séð slíkt veður fyrr. Edward Heath var óskaplega skemmtilegur ræðumaður. Breski húmorinn naut sín til fulls.

Á annað Pressuballið komst heiðursgesturinn, skáldið William Heinesen, alls ekki, þar eð flug hans féll niður vegna veðurs. Ballið var samt hátíðlegt án hans. Við höfðum skreytt Gyllta salinn á Hótel Borg með batiklistaverkum eftir Sigrúnu Jónsdóttur, en slíkt var nýjung hér. Var lagt í mikinn kostnað við að smíða á vegg stóra kassa með ljósabúnaði til að batikin nyti sín og lögðu leiktjaldagerðarmenn blaðamönnum lið og skreyttu að auki með háum stráum. Matthías Johannessen var þá formaður félagsins, en í þá daga sat formaður aðeins í eitt ár í senn og staðan dreifðist milli fjölmiðlanna.

Þetta minnr á þá eftirminnilegu heimsókn 1966 þegar gesturinn var Jens Ottó Kragh forsætisráðherra Danmerkur. Hann kom með sína frægu frú, leikkonuna Helle Virkner, sem í ævisögu sinni segir frá því hvernig hún lá kylliflöt í landgöngustiganum úr flugvélinni er hún hélt innreið sína í Ísland og furðar sig á því að hvorki kom frásögn né mynd í einu einasta blaði þótt blaðaljósmyndarar smelltu óspart. Ætli íslenskir blaðamenn séu ennþá svona kurteisir við gesti sína?

Þetta Pressuball var í nýju Lído. Allar súlur salarins voru sveipaðar íslenskum og dönskum fánaborðum og anddyri hússins og tiltækir veggir í sal þaktir vönduðum málverkum úr eigu blaðamanna, sem þurfti auðvitað að tryggja vel. Þegar borðhaldið átti að hefjast og forseti vor Ásgeir Ásgeirsson, gestir og fyrirfólk voru sestir fór rafmagnið af í klukkustund. Alger paník varð í eldhúsinu þegar suðan fór af pottunum. Kveikt var á kertum og byrjað að bera matinn af neðri hæð upp í salinn á annarri hæðinni, því lyftur gengu ekki. Til þessa þurfti allt tiltækt starfsfólk. Hliðarbarirnir voru þá skildir eftir mannláusir. Þar sem framreiðslan tafðist afgreiddu sumir gestanna sig bara sjálfir af borunum. Gerðu að sjálf sögðu upp eftir á – eftir minni! Þetta ball ber í minningunni



Skálað á góðri stundu. Hér klingja þeir saman glösum Tómas Karlsson á Tímanum (t.v.) og Árni Óla á Lesbók Morgunblaðsins. Ljósmynd GE



Háborðið. Hér má sjá háborðið á pressuballi F.v. Kristín Halldórsdóttir, Tímanum, Kristján Eldjárn, forseti Íslands, Vilhjálmur P. Gíslason, útvarpsstjóri, Árni Óla, ritstjóri Lesbókar Morgunblaðsins, Ása Jónsdóttir, Gylfi P. Gíslason, menntamálaráðherra, Halldóra Eldjárn, forsetafrú, Jónas Kristjánsson, Vísi og formaður B.Í. Ljósmynd GE



Borðhald. Hér má sjá yfir hluta pressuballs við upphaf borðhalds. Eins og myndin ber með sér er þetta virðuleg samkoma. Ljósmynd GE



Dansinn. Hér eru pressuballsgestir komnir út á dansgólfið og eins og sjá má hafa danssporin ekki verið vandamál hjá blaðamönnum og gestum þeirra undir lok sjöunda áratugarins. Ljósmynd GE

ævityrablae. Ásóknin í miðana hafði verið svo mikil að nærri lá vandræðum. Við Atli vorum, eins og oftast, með fyrirframsóluna niðri á Morgunblaði og fengust miðar út á nöfn. Gerði þá í upphafi enn eftirsóknarverðari.

Sérstaklega var vandað til matseðilsins í samvinnu við hótelin. Minnstætt er t.d. þegar í forrétt var avocado, sem hafði ekki fyrr sést á Íslandi, og þótti því mjög nýstárlegt að smakka. Enginn gat auðvitað annað en lýst því yfir að svona dýrt fineri væri lostæti. Í annað skipti voru fersk jarðarber í ábætisréttinn fengin sunnan úr heimi með flugi sem þótti þá með ólíkindum. Nútímafólk skilur þetta sjálf-sagt ekki, en þá voru suðrænir ávextir og grænmeti álika sjaldgæft hér á þessum árstíma og hvítir hrafnar.

Hvað skemmtikrafta snertir var líka reynt að bjóða upp á eitthvað nýstárlegt. Atli fullyrðir að Elin hafi verið sérlega fundvís á ungt söngfólk, sem þótti líklegt til að vinna stóra sigra á listabrautinni síðar. Það gerði yfirleitt mikla lukku. Allir vildu allt fyrir blaðamenn gera og ungir listamenn töldu þetta gott kynningartækifæri. Eitt sinn kom Karla-kórinn Fóstbræður marserandi og söng fyrir okkur við mikinn fögnuð. Tóku ekki annað fyrir en að skála í einu glasi áður en þeir yfirgáfu Sögu. Enda allt yfirfullt.

Í eitt skipti var gestur okkar á Pressuballi danski stjórnmálamaðurinn Per Hækkerup sem var þekktur ræðusnillingur og húmoristi. Þann dag gerði slæman „pressuballsbyl“, svo varla var fært að Hótel Sögu. Ballið tafðist um meira en klukkustund meðan smókingklæddir menn og konur, sem stytta upp um sig síðu kjólana, óðu í bússum gegn um skaflana að hótelinu. Dottið var í dúnalogn í balllok, en fannfergið slíkt að ekki var leigubíll að fá.

Þetta endaði svo með því að ung róttæk þingkona af Írlandi, Bernadetta Devlin, baráttukona sem hæst bar í heimsfréttunum, hafði þegið boð á ballið 1972 en sendi einfaldlega afboð í skeyti um hádegi sama dag. Allir miðar voru löngu seldir fyrirfram og gjafir höfðu borist úr öllum áttum til að fagna þessari ungu hetju. Varð því að bíta í það súra epli og senda til Írlands til hennar dúnsængina og kynstur af lopapeysum og þrjónlesi frá ólíkleg-

asta fólki, sem borist hafði. Seinna kom upp að Jónas Árnason, blaðamaður og þingmaður, hafði skrifað henni að hún gæti ekki verið þekkt fyrir að mæta á svona snobbball.

Svipaðar raddir komu svo upp í Blaðamannafélaginu sjálfu, enda tímar uppreisnarkynslóðarinnar, og var samþykkt að halda fremur ball fyrir sjálfa blaðamennina eins ódýrt og við yrði komið, svo þeir hefðu nú efni á þessu. Við Indriði G. Þorsteinsson höfðum undirbúið ball eftir þeirri forskrift í Oddfellowhúsinu. Þá brá svo við að blaðamenn höfðu ekki sama áhuga á því og fína ballinu og við máttum þakka fyrir að fá að aflýsa því án fjárútláta sakir þátttökuleysis.

Hvað um það, þetta voru ákaflega skemmtileg og persónuleg böll frá hendi blaðamanna, sem vöktu athygli úti í samfélaginu á þeim tíma. Það eflir líka kynni og samstöðu blaðamanna af mismunandi fjölmiðlum að hittast svona uppábúinir í hátíðarskapi í góðum fagnaði – án þess að vera jafnframt í vinnunni – eins og kom vel fram í endurvöktu Pressuballi með öðru sniði í fyrra. Vonandi verður framhald á því.



Frá pressuballinu 2004. Tveir fyrrum formenn ásamt konum sínum. F.v. Hjálmar Jónsson, Ingibjörg Klemensdóttir, Hanna Björk Lárusdóttir og Lúðvik Geirsson.



Prúðbúið fjölmenni var á pressuballinu á Hótel Borg í fyrra.



Orlofshús

Blaðamannafélags Íslands



Sumarhús í Brekku og á Akureyri

Umsóknarfrestur um sumarhús BÍ skulu hafa borist skrifstofu félagsins í síðasta lagi föstudaginn 18. mars. Sendið umsóknir í tölvupósti á bi@press.is, eða með *símbréfi 553 9177*.

Nánari upplýsingar á skrifstofu BÍ, Síðumúla 23, sími 553 9155.

Sama lága leigan

Vikugjald fyrir fullgilda félagi í BÍ verður kr. 11.000,- í Brekku 2 og 15.000,- í Brekku 1 og á Akureyri og greiðist við staðfestingu úthlutunar.

Heimilt að greiða með Visa / Euro.

Brekka 1

Skipti fara fram á föstudögum kl. 17.

- | | |
|----------|-----------------------|
| 1. vika | 28. maí - 4. júní |
| 2. vika | 4. júní - 11. júní |
| 3. vika | 11. júní - 18. júní |
| 4. vika | 18. júní - 25. júní |
| 5. vika | 25. júní - 2. júlí |
| 6. vika | 2. júlí - 9. júlí |
| 7. vika | 9. júlí - 16. júlí |
| 8. vika | 16. júlí - 23. júlí |
| 9. vika | 23. júlí - 30. júlí |
| 10. vika | 30. júlí - 6. ágúst |
| 11. vika | 6. ágúst - 13. ágúst |
| 12. vika | 13. ágúst - 20. ágúst |
| 13. vika | 20. ágúst - 27. ágúst |
| 14. vika | 27. ágúst - 3. sept |

Nafn: _____

1. vika _____ 2. vika _____

3. vika _____ 4. vika _____

Brekka 2

Skipti fara fram á föstudögum kl. 17.

- | | |
|----------|-----------------------|
| 1. vika | 28. maí - 4. júní |
| 2. vika | 4. júní - 11. júní |
| 3. vika | 11. júní - 18. júní |
| 4. vika | 18. júní - 25. júní |
| 5. vika | 25. júní - 2. júlí |
| 6. vika | 2. júlí - 9. júlí |
| 7. vika | 9. júlí - 16. júlí |
| 8. vika | 16. júlí - 23. júlí |
| 9. vika | 23. júlí - 30. júlí |
| 10. vika | 30. júlí - 6. ágúst |
| 11. vika | 6. ágúst - 13. ágúst |
| 12. vika | 13. ágúst - 20. ágúst |
| 13. vika | 20. ágúst - 27. ágúst |
| 14. vika | 27. ágúst - 3. sept |

Nafn: _____

1. vika _____ 2. vika _____

3. vika _____ 4. vika _____

Akureyri

Skipti fara fram á föstudögum kl. 17.

- | | |
|----------|-----------------------|
| 1. vika | 28. maí - 4. júní |
| 2. vika | 4. júní - 11. júní |
| 3. vika | 11. júní - 18. júní |
| 4. vika | 18. júní - 25. júní |
| 5. vika | 25. júní - 2. júlí |
| 6. vika | 2. júlí - 9. júlí |
| 7. vika | 9. júlí - 16. júlí |
| 8. vika | 16. júlí - 23. júlí |
| 9. vika | 23. júlí - 30. júlí |
| 10. vika | 30. júlí - 6. ágúst |
| 11. vika | 6. ágúst - 13. ágúst |
| 12. vika | 13. ágúst - 20. ágúst |
| 13. vika | 20. ágúst - 27. ágúst |
| 14. vika | 27. ágúst - 3. sept |

Nafn: _____

1. vika _____ 2. vika _____

3. vika _____ 4. vika _____

Nefnið fleiri en eina viku til þess að auðvelda úthlutun!

Athugið að heitir pottar eru komnir við báða bústaðina í Brekku og gestahús við Brekku 1 og þess vegna er leigan hærri þar.